

Rekstraraðili innkaupa

Fjársýsla ríkisins
Stefan Paunov

Innkaup

FA Stage equipment
23145

3.1 Tilkynning um töku tilboðs

Ágæti viðtakandi

Það tilkynnist hér með að eftirfarandi tilboð hafa verið endanlega samþykkt og er því kominn á bindandi samningur milli aðila.

Hluti A (hljóðbúnaður) - Ofar, Luxor, Exton, ID Electronic

Hluti B (ljósbúnaður) - Luxor, Exton, ID Electronic, Atendi

Hluti C (myndbúnaður) - Ofar, Exton, Atendi, Heimilistæki

Hluti D (rekstrarvörur) - Exton, Atendi, Luxor, ID Electronic

Bjóðendum var tilkynnt með tölvupósti þann 04 júní 2025 sl. að ákveðið hefði verið að velja ofangreind tilboð og ennfremur að a.m.k. tíu dagar skuli líða frá því að ákvörðun um val tilboðs er tilkynnt þar til tilboð er endanlega samþykkt.

Í XI. kafla laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL) er fjallað um kærunefnd útboðsmála. Þar kemur fram í 1. mgr. 106 gr.: Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Kröfu um óvirkni samnings er þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkni samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans. Nánari ákvæði um fresti eru í 106. gr. Fyrir hverja kæru skal kærandi greiða kærugjald að fjárhæð 210.000 kr.

Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann aðila sem kæra beinist að (varnaraðila) og ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kærð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna og rökstuðningur. Kröfugerð kæranda skal lúta að úrræðum nefndarinnar samkvæmt lögum þessum. Kærandi skal tilkynna kaupanda um kæru eins skjótt og mögulegt er.

Lög um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL) eru birt á heimasíðu Alþingis:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2016120.html>

Hér er að finna nánari upplýsingar um kærunefnd útboðsmála og frekari leiðbeiningar um kærueimildir: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/rekstur-og-eignir-rikisins/opinber-innkaup/kaerunefnd-utbodsmala/>

Netfang kærunefndar útboðsmála er knu@yfirskattanefnd.is og símanúmer nefndarinnar er +354 575 8700.

Fjársýslan þakkar fyrir þátttökuna.